

Kæru foreldrar / forráðamenn barna í Árskógarskóla

Óveður - almannavarnir

Þegar veður gerast vond getur það talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja skóla. Í öllum tilfellum koma nemendur skólans annað hvort með skólabíl eða einkabíl og því er það mat bílstjóra skólabíls í samráði við skólastjóra hvort hann fari af stað og mat foreldra hvort nemendur séu kyrrsettir heima. Ef skólabíllinn fer ekki af stað lætur skólastjóri boð ganga og aflýsir skólahaldi.

Skólinn er því opinn nema ef almannavarnir ráðleggi að skóla sé aflýst eða skólastjóri meti aðstæður sem svo og er það gert með sendingu smáskilaboða sms gegnum mentor. Það er því mat foreldra hvort nemendur eru kyrrsettir heima ef skóla er ekki aflýst en veður og færð er slæmt. Tilkynna skal slíkt í skólann eins fljótt og kostur er, best er að senda tölvupóst á netfangið arskogarskoli@dalvikurbyggd.is eða hringja í síma 460-4971 (skólastjóri) eða 460-4973 (Kötlukot).

Í Árskógarskóla er unnið samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

- Brestir á slæmt veður þegar nemendur eru í skólanum eða hættuástand auglýst af almannavörnum verða þeir kyrrsettir þar til þeir hafa verið sóttir af foreldrum/rútu. Skólastjóri í samráði við lögreglu metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda.
- Brestir á slæmt veður á meðan nemendur eru í skólabíl metur bílstjóri aðstæður og hvort hann geti haldið áfram för eða kalla þurfi eftir aðstoð björgunarsveitar. Þetta skal gert í samráði við skólastjóra og lögreglu.

Kveðja frá skólastjórnendum Árskógarskóla